



Til bæjarráðs Hafnarfjarðar

Hafnarfirði, 25. ágúst 2020

**Efni: Aðstöðuleyfi fyrir OSS rafrennur og rafhjól í Hafnarfirði**

OSS óskar eftir aðstöðuleyfi fyrir rafrennur og rafhjól undir merkjum OSS í Hafnarfirði. Oss mun bjóða uppá 150 rafrennur (verða tilbúin til notkunar c.a. 10. sept 2020) og 200 rafmagnshjól (okt. 2020), til að byrja með, sem verða aðgengileg til leigu í gegnum svokallað OSS – APP í Reykjavík og nágrenni.

Rafrennunum og rafhjólunum verður dreift á mismunandi svæði miðað við eftirspurn íbúa og eins með þarfir og óskir hvers sveitafélags í huga.

Verkefnið er unnið í samráði við Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélög og er unnið með þarfir og eftirspurn svæðanna í huga. Með tímanum mun því OSS að þróa samgöngunet í gegnum raunþörf hreinna fararskjóta á höfuðborgarsvæðinu þarfnast og sameina við leiðir annarra tegunda af umhverfissvænum samgöngumáta eins og strætó, hjólaleigur, rafbílaleigur og öðrum samgöngumáta framtíðar.

Hugmyndin er að setja upp net stöðva í sveitafélögum utan Reykjavík þar sem fólk getur nálgast farartækin og skilið þau eftir. Hér að neðan má sjá hvernig skilti stöðvar lítur út.



Við þurfum að sækja um afnotarétti á XX stöðvum í Hafnarfirði sem eru 4m x 2m en staðsetningarnar munu vera valdar í samráði við Skipulagssvið Hafnarfjarðar.

Við viljum líka óska eftir fjárhagslegum stuðningi vegna verkefnisins, allavega til að byrja með, en það hjálpar til að veita betri þjónustu og hafa fleiri rafhlaupahjól og rafhjól til staðar í Hafnarfirði. Vísum við þá séstaklega í umhverfislega þátt verkefnisins því til stuðnings og verkefnalýsinguna.

Mikill áhugi er á að opna leiguna formlega í Hafnarfirði, þ.e. á sérstökum degi og tíma. Við erum opin fyrir öllum hugmyndum varðandi hvernig væri best og skemmtilegast að gera það.

*Fyrir hönd OSS rafrenna ehf.*

*Harpa Dögg Magnúsdóttir*